

# SUMARDAGSKRÁ Siglingafélagsins Ýmis 2018

## 1. Opnunarhátíð siglinga

Laugadaginn **9. júní**, milli kl. 13:00 – 16:00, efnir Siglingafélagið Ýmir til opnunarhátíðar í Naustavörinni. Allir félagsmenn og fjölskyldur þeirra eru velkomnir til að taka þátt í fyrsta siglingaviðburði sumarsins. Hægt verður að róa árabátum og kajökum og sigla kænum. Upplagt að mæta og hitta félagana, þiggja veitingar og leika sér með krökkunum.

## 2. Siglingaæfingar fyrir 8 – 15 ára

Í sumar verður boðið upp á siglingaæfingar fyrir börn á aldrinum 8 til 15 ára. Markmiðið er að æfa þátttakendur í að sigla Optimist, Topper og Laser bátum félagsins. Æfingarnar verða á **mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum frá kl. 16.15 - kl. 19.00**. Fyrsta æfingin verður **mánudaginn 11. júní** og sú síðasta 17. ágúst. Þrír starfsmenn Ýmis verða á æfingunum: þjálfari, aðstoðarþjálfari og fulltrúi Ýmis.

Boðið verður upp á 11 vikna æfingatímabil. Gjaldið er kr. 30.000. Fyrir 11 vikna æfingatímabil er hægt að sækja um frístundastyrk á Frístundagátt Kópavogsbæjar. Einnig er boðið upp á hálf tæfingatímabil sem kostar kr. 15.000. Ekki er hægt að nýta frístundastyrkinn fyrir hálf tæfingatímabil. Systkinaafsláttur er 20%. (24.000 og 12.000 kr.) Hámarksfjöldi á æfingunum er að jafnaði 12 börn. Umsjón: Hannes Sveinbjörnsson

### Skráning á æfingarnar fer fram á Frístundagátt Kópavogsbæjar.

Frekari upplýsingar eru veittar á netfanginu [siglingafelag@siglingafelag.is](mailto:siglingafelag@siglingafelag.is) og á [Facebooksíðu félagsins](#).

## 3. Þriðjudagssiglingar

Fullorðnum félagsmönnum Ýmis er boðið upp á þann möguleika að taka þátt í þriðjudagskeppnum í Reykjavík á Secretbáti félagsins þegar hann er í Reykjavík. Einnig er boðið uppá að taka þátt í öðrum keppnum, ef áhugi er fyrir hendi. **Heimhöfn bátsins verður í Kópavogi.**

Gert er ráð fyrir opnum hópi undir stjórn Ólafs Bjarnasonar sem jafnframt verður skipstjóri í keppnunum. Hópurinn, undir stjórn Ólafs, ber ábyrgð á að gera bátinn sjókláran og halda honum við og ganga frá honum á landi í haust. Þeir Ýmisfélagar, sem hafa áhuga á að taka þátt í þessu starfi, hafi samband við Ólaf á Facebook og í síma 8659717. Skilyrði fyrir þátttöku í hópunum er að vera meðlimur í félaginu og að hafa greitt félagsgjald fyrir 2018. Gjald fyrir þátttöku í hverri keppni er kr. 2000 á mann sem greiðist inná reikning félagsins: 536-26-6634, kt. 470576-0659. Umsjónarmaður: Ólafur Bjarnason

## 4. Fimmtudagssiglingar

Á fimmtudögum er félagsmönnum boðið upp á að sigla á kænum og minni kjölbátum félagsins frá Ýmishöfninni. Opið verður frá 16:30 – 20:30, en gert er ráð fyrir að siglt verði frá 17:00 – 20:00. Fyrsta fimmtudagssigling verður **14. júní**. Félagsmenn geta skráð sig á bát í samráði við umsjónarmann og er heimilt að taka einn gest með ef bátakostur leyfir. Reynt verður eftir megni að skipta bátakosti milli þátttakenda fyrir sjótíma, kl. 17.00. Hægt verður að fá lánaða árabáta og Optimist báta fyrir börn, en eftirlit barna er alfarið á ábyrgð foreldris/félagsmanns sem þarf þá að vera bátfær. Öryggisbátur verður alltaf á sjó.

Í tengslum við fimmtudagssiglingarnar verður boðið upp á byrjendanámskeið á Topper kænum félagsins fyrir fullorðna einstaklinga. Miðað er við að námskeiðið sé þrjú skipti undir eftirliti. Að námskeiðinu loknu ættu þátttakendur að treysta sér til að fara út á Topper og Laser bátum félagsins og byrjað að læra á minni kjölbáta. Fyrsta námskeiðið hefst **14. júní**. Námskeiðsgjald er 12.500. Einnig þarf að hafa greitt félagsgjaldið fyrir 2018.

Skráning og frekari upplýsingar hjá thorsteinn.adalsteinsson@gmail.com (pláss takmarkast af bátakosti). Greiða skal inn á reikning félagsins nr. 536-26-6634, kt. 470576-0659 og senda kvittun til Þorsteins.

Umsjónarmaður: Þorsteinn Aðalsteinsson

## 5. Skútunámskeið/undirbúningsnámskeið fyrir skemmtibátapróf

Siglingafélagið Ýmir býður upp á skútunámskeið fyrir fullorðna. Nemandinn er undirbúinn fyrir próf í verklegum hluta skemmtibátaprófsins, sjá námskrá fyrir hásetanámskeið: [www.siglingafelag.is](http://www.siglingafelag.is), undir kjölbátar. **Boðið verður upp á eftirfarandi dagsetningar:**

Námskeið nr. 1, 18. - 30. júní. Námskeið nr. 2, 16. - 28. júlí. Námskeið nr. 3, 30. júlí – 3. ágúst.

Hvert námskeið telur 5 skipti: 4 tíma í senn á mánudögum, miðvikudögum og laugardögum. Verð: kr. 45.000. Nánari upplýsingar gefur Sigríður í síma 896-5874 eða [siggaskipstjori@gmail.com](mailto:siggaskipstjori@gmail.com). Greiða skal inná reikning félagsins: 536-26-6634, kt. 470576-0659 og senda Siggú kvittun. Gert verður út frá Ýmishöfninni í Kópavogi. Umsjónarmaður: Sigríður Ólafsdóttir

## 6. Mót á vegum félagsins

25. ágúst Lokamót kæna, 1. september Lokamót kjölbáta og 31. desember, Áramót.

Umsjón móta: Mótanefnd; Aðalsteinn Loftsson, Ólafur Bjarnason og Helga Ólafsdóttir.

F. h. stjórnar Ýmis, Hannes Sveinbjörnsson, form.

